

FASTEIGNAGJÖLD 2023

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,50% af hús- og lóðarmati.

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðamati.

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati.

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðamati.

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati.

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,25% af hús- og lóðarmati. Rotþróargjald er lagt á fasteignir sem tengjast rotþrómg og fer gjaldtakan eftir stærð þeirra.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 7.900 kr. á hektara, að lágmarki kr. 10.550,-.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu með 240l tunnu: kr. 31.000,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar með 240l tunnu: kr. 31.000,-

Þar sem eru stærri tunnur en 240l þá eru gjöldin eftirfarandi:

Almennur úrgangur 660 lítra tunna kr. 124.000,-

Almennur úrgangur 1.100 lítra tunna kr. 195.000,-

Auka ílát fyrir almennan úrgang 240 lítra kr. 31.000,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 24.200,-

Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2023

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Húnabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- Ellilífeyrisþegar 67 ára á álagningarárinu eða eldri eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkar.
- Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- Viðkomandi búi í eigin húsnæði og hað ekki af því leigutekjur. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi aðili á öldrunarstofnun og að íbúð í eigu hans sé ekki leigð út eða nýtt af skyldmennum.
- Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings fasteignaskatts eru sóttar vélrænt á vef Skattsins í gegnum álagningarkeri Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 88.000 á árinu 2023. Afsláttur er reiknaður út frá álagningu 2022 vegna skatttekna ársins 2021, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10).

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- Með tekjur allt að kr. 4.525.858 – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- Með tekjur yfir kr. 5.883.615 – enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- Með tekjur allt að 5.657.322 – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- Með tekjur yfir kr. 7.354.519 – enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar þann 13. desember 2022.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 25.000,- eru: 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember & 1. desember. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 25.000,- er 15. maí.

Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddaga-breytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. mars 2023. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið hunabyggd@hunabyggd.is. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Húnabyggðar í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 15. desember 2022.

Sveitarstjórnin í Húnabyggð, 15. desember 2022

Pétur Arason



Húnabyggð

www.hunabyggd.is